

11. fundur stjórnar Siðmenntar

30. október 2023 | Laugavegi 178 | kl: 16:30

Mætt:

Á staðnum: Inga Auðbjörg Straumland, Sigurður Rúnarsson, Hope Knútsson, Kristín Sævarsdóttir, Arnar Snæberg, Helga Bára Bragadóttir og Eyjólfur Örn Snjólfsson framkvæmdastjóri á staðnum.

Í fjarfundartengingu: Kristín Helga Schiöth

Fundargerð ritar: Eyjólfur Örn Snjólfsson, framkvæmdastjóri.

Dagskrá

1. Gjaldskrármál

Verkefnastjóri athafnaþjónustu hefur óskað eftir því að gjaldskrá fyrir árið 2024 verði ákvörðuð sé þess nokkur kostur. Ástæðan er fyrst og fremst það aukna flækjustig sem hlýst af því að hafa margar gjaldskrár í gangi á sama tíma (vegna þess að sumar bókanir eru gerðar með talsvert löngum fyrirvara) sem setur ákveðna kostnaðaráhættu á félagið.

Umræður á stjórnarfund:

Eftir umræður um kosti og galla mismunandi útfærslur þá var eftirfarandi tillaga borin fram: “Núverandi [gjaldskrá](#) verður haldið óbreytt til 1. maí 2024, með fyrirvara þó um að brugðist verið við kalli ytri aðstæður eftir því, og skal þá endurskoðuð útgáfa liggja fyrir sem verður auglýst ef þörf krefur og tekur í framhaldinu gildi þann 1. september 2024.”

Tillaga samþykkt með 4 atkvæðum, 1 sat hjá.

2. Rukkun fyrir tvær athafnir í einu

Núverandi staða: Í þeim tilvikum sem það eru tvær athafnir í einu þá hefur vinnureglan verið sú að þjónustuþegar eru rukkað fyrir dýrari athöfnina. Athafnastjórar rukka þannig Siðmennt einnig fyrir dýrari athöfnina. Sama á við þegar tvær eins athafnir fara fram í einu, t.d. tvö fermingarborn (systkin) í sömu einkafermingunni eða verið að gefa tveimur eða fleiri systkinum nöfn á sama tíma. Þá er einungis rukkað fyrir eina athöfn.

Athafnaráð leggur til eftirfarandi breytingu á þessari vinnureglu:

Ein rukkun fyrir sömu athöfn (fleiri en eitt fermingarbarn eða nafngjafir). Með þeim rökum að þetta er yfirleitt framkvæmt sem ein athöfn þó að áhrifin nái yfir fleiri þjónustuþega.

Rukka fyrir báðar ef um ólíkar athafnir er að ræða (gifting of nafngjöf). Með þeim rökum að reynsla athafnaráðs er sú að undirbúningur þeirra er meiri fyrir slíkar athafnir en þegar tvær eins athafnir eiga sér stað. Athafnastjórar leggja ekki minna í aðra athöfnina en hina. Ath. þjónustuþegar sem eru einnig félagar í Siðmennt fengju þá afslátt af báðum athöfnum í samræmi við þann afslátt sem er í gangi hverju sinni.

Umræður á stjórnarfund:

Eftir umræður var eftirfarandi tillaga borin fram: *“Séu tvær ólíkar athafnir haldnar á sama tíma fyrir sama viðskiptavin þá skal rukka fyrir dýrari athöfnina en veita helmingsafslátt af þeirri sem ódýrari er. Afslættir til siðmenntarmeðlima sé í samræmi við þetta.”*

Tillaga þessi var einróma samþykkt.

3. Athafnir á skrifstofunni

Núverandi staða: Þjónustuþegar fá 50% afslátt af hjónavígslu á skrifstofunni. S.s. athöfnin kostar 40þ og afsl er 10-20þ. Í takt við það ætti athafnastjóri að rukka 50% af sínum hlut sem er 33þ. Tinna tók hins vegar þessar athafnir að sér á launum og rukkaði ekki athafnagjaldið sitt á meðan hún vann á skrifstofunni. Nú þegar Tinna er hætt á skrifstofunni þarf að kalla út athafnastjóra í einfalda athöfn. Hvað viljum við rukka fyrir slíkt. Eru vígsluréttindi á skrifstofuna möguleg lausn?

Álit athafnaráðs: Athafnaráð er hlynnt 50% afslætti af hjónavígslum eins og það er sett fram hér að ofan.

Hvað varðar vígsluréttindi á skrifstofuna komu tvær skoðanir fram.

- Í fyrsta lagi sú skoðun að í ljósi þess að markvisst er búið að þjálfa nýja athafnastjóra og einnig að taka fólk aftur í slík embætti ætti að hinkra með vígsluréttindi á skrifstofuna og hafa frekar þann háttinn á að auglýsa eftir athafnastjórum á skrifstofugiftingar.
- Í öðru lagi kom sú skoðun fram að þetta væri bæði dýrara fyrir félagið og meiri fyrirhöfn fyrir skrifstofuna og ekki gott að búa til verklag sem gerir henni erfiðara fyrir.

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands

Það kom einnig athugasemd frá athafnaráði um skrifstofurýmið og gæði þess sem athafnarýmis. Athafnaráð telur það ekki uppfylla þá gæðastaðla sem Siðmennt ætti að hafa varðandi athafnir sínar og væri gott að skoða hvað hægt sé að gera til að bæta upplifun fólks.

Umræður á stjórnarfund:

Að tala um 50% afslátt gefur ekki rétta mynd af skrifstofuathöfnum þar sem eðlismunur er á þeim og hefðbundnum hjónavígslum að því leyti að skrifstofuathafnir eru ekki persónulegar og lítill sem enginn undirbúningur liggur þar að baki.

Skrifstofuathöfn er ekki skilgreind sem vara eins og er en það mun hugsanlega breytast þegar Siðmennt flytur sig í meira varanlegt húsnæði þar sem hægt er að bjóða upp á hátíðlegri og vingjarnlegri umgjörð.

Ekki er talin ástæða til að skrifstofustarfsmenn fái athafnaréttindi sem stendur. Nóg er framboð af athafnastjórum og eftirspurn eftir skrifstofuathöfnum ekki það mikil. Fylgst verður samt með þróun mála.

4. Skrifstofurými

Skrifstofa ætlar að hafa opin augu fyrir nýju skrifstofurými. Æskilegt er að gera þarfagreiningu samhliða fyrstu skoðunarferðum.

5. Fjármálastaða

Sjóðsstaða er góð, tæplega 20 milljónir á reikingi en hér er að miklu leyti um að ræða fjármagn sem mun fara í fermingarnámskeið og athafnir.

Framkvæmdastjóri mun bráðum hefja vinnu við að undirbúa gerð ársreiknings fyrir 2023.

6. Starfsmannamál

Búið er að setja inn starfsauglýsingu á alfred.is þar sem leitað er eftir verkefnastjóra borgaralegrar fermingar. Umsóknarfrestur er til 5. nóvember og standa vonir til að finna frábæra manneskju sem hefur tök á að hefja störf í desember/janúar.

Það er um að gera að vekja athygli á siðmenntarspjallinu, í athafnagrúppunni og boosta á fésbókinn.

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands

7. STEF


Framkvæmdarstjóri og verkefnastjóri athafnaþjónustu eru að leggja lokahönd á pósti til STEFs þar sem gert er grein fyrir starfsemi félagsins og að hversu miklu leyti og við hvaða tilefni mögulegt er að félagið sé í forsvari fyrir upptökum þar sem spiluð sé leyfisskyld tónlist (bréfið fór út 10. nóvember 2023).

8. Fermingarskráningar

Komnar eru 492 fermingarskráningar, en á sama tíma í fyrri var fjöldi skráninga 604. Verkefnastjóri fermingarfræðslu er búin að gera drög að auglýsingu til að setja á BUZZ skjái hjá Billboard.

Stjórn telur rétt að fá fagmann til að klára verkið og mun framkvæmdastjóri setja það í forgang.

Fjöldi skráninga í fermingarathöfn næsta árs




Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands

Fjöldi skráninga í fermingarfræðslu næsta árs



9. Gaza

Rætt var um hvort Siðmennt ætti að koma með yfirlýsingu vegna stöðunnar á Gaza. Framkvæmdastjóri mun setja sig í samband við hin húmanistasamtökin á Norðurlöndunum og athuga með vilja fyrir sameiginlegum viðbrögðum.

10. Nordic Gathering Meeting 2024

Ísland hefur boðist til að halda Nordic Gathering Meeting 2024 fyrir samráðsvettvang húmanistafélaganna á Norðurlöndunum. Helgin 4. - 5. maí hefur orðið fyrir valinu.

Skrifstofan mun kokka upp dagskrá í samráði við stjórn þegar nær dregur.

Troels, framkvæmdastjóri húmanistasamtakanna í Danmörku hefur boðist til að halda vinnustofum um eftirfarandi:

- What does it contribute to our national work
- Who should the cooperation be focused on? CEOs? Democratically elected? Active volunteers? Celebrants?
- Do we want to organize specific events or activities? What should the goals of those be? What types of events or activities could they be? Can we agree on what to pursue further now?
- How should Nordic cooperation relate to the European capacity building project activities?

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands

11. Skráningartölur 1. desember

Upphæð sóknargjalda sem trú- og lífsskoðunarfélög fá mánaðarlega í sinn hlut árið 2024 ræðst af skráningartölum skv. þjóðskrá í byrjun desember 2023.

Skrifstofan ætlar að setja smá truckk í að minna á félagið. Verkefnastjór athafnaþjónustu verður í bandi við hönnuðinn.

12. Viðburðir á döfinni

Viðburðir á döfinni

- Efast á kránni - 23. nóvember

13. Alþjóðasamstarf

Eftirfarandi verkefni eru á döfinni

- Kolbrún: Ungmennaskipti til Þýskalands 28. okt - 5. nóv
- Eyfi & Guðrún: Heimsókn til Human-Etisk Forbund Norge 2. nóvember
- Eyfi: CEO Network meeting 23. nóvember
- Inga: European Humanist Professionals 4. - 6. desember
- Siðmennt: Nordic Gathering Reykjavík 2024 (lau/sun 4. - 5. maí

Næsti fundur: fyrri hluta desember.

Ákvörðunarlisti

Atriði
Gjaldskrá endurskoðuð 1. maí og tekur þá gildi 1. sept
Tvær athafnir. Rukka dýrari 100% en ódýrari 50%. Sama með afsl.
Skrifstofuathöfn ekki formleg vara enn.
Kanna með nýtt húsnæði og gera þarfagreiningu
Boosta starfsmannauglýsingu.
Fenginn verður fagmaður að klára fermingarauglýsingu.
Haft samband við húmanistafélög varðandi Gaza.
Nordic Gathering Meeting á Íslandi 4. - 5. maí
Skrifstofa auglýsir skráningar fyrir 1. des.

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands